

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Birgi Þórarinssyni um kostnað vegna réttargæslu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd.

1. *Hver voru útgjöld ríkissjóðs á ári frá 1. janúar 2018 til 1. október 2023 vegna réttargæslu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd? Svar óskast sundurliðað eftir því hvar umsókn er stödd í umsóknarferlinu, þ.e. hvort hún sé fyrir Útlendingastofnun, kærunefnd útlendingamála eða dómkostnaðum.*

Eftirfarandi upplýsingar miðast við kostnað við réttaraðstoð í málum um alþjóðlega vernd á grundvelli 30. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016. Líkt og þar greinir á umsækjandi um alþjóðlega vernd rétt á að Útlendingastofnun skipi honum talsmann við meðferð málsins hjá stjórnvöldum, þ.e. hjá Útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála. Rétturinn nær því ekki til málsmeðferðar fyrir dómkostnaðum. Ekki er unnt að aðgreina kostnað vegna talsmannabjónustu milli Útlendingastofnunar og kærunefndar útlendingamála. Vikið er að hámarksfjölda tíma sem greitt er fyrir talsmannabjónustu á hvern umsækjanda á báðum stjórnsýslustigum hér á eftir.

Arið 2018 var undirritaður sammingur dómsmálaráðuneytis, Útlendingastofnunar og Rauða kross Íslands vegna aðstoðar og bjónustu við einstaklinga sem sótt höfðu um alþjóðlega vernd á Íslandi. Samningurinn var gerður að undangengnu útboði og var gildistími samningsins til þriggja ára, nánar tiltekið frá 1. mars 2018 til 28. febrúar 2021. Í febrúar 2021 var samningurinn framlengdur til eins árs og í upphafi árs 2022 var hann framlengdur síðasta sinn til 30. apríl það ár. Á grundvelli samningsins fékk Rauði krossinn greiddan fastan kostnað fyrir stöðugildi 15 lögfræðinga sem sinntu hlutverki talsmanna og 6,25 stöðugildi þeirra sem sinntu félagsbjónustu. Miðuðust áleggar greiðslur við bjónustu allt að 1.200 umsækjenda um alþjóðlega vernd, eða um 400. millj. kr. á ársgrundvelli.

Kostnaður vegna sammings stjórnvalda við Rauða krossinn frá árinu 2018 til og með apríl 2022 var eftirfarandi:

Ár	2018	2019	2020	2021	Jan–apr 2022
Fjárhæð (kr.)	419.635.729	366.939.109	319.128.326	338.782.949	123.305.752
Afgreidd mál	790	1.123	904	794	1.192*

* Par af 832 mál vegna fjöldaflóッta frá Úkraínu.

Vakin er athygli á að framangreindur kostnaður tekur til samningsins í heild en ekki bara talsmannabjónustu.

Í auglýsingu sem birtist 3. mars 2022 á vefsíðunni utbodsvefur.is var talsmannabjónusta fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd boðin út. Var lögfræðingum/lögmönnum boðið að sækja um að sinna hlutverki talsmanns í gegnum heimasíðu Útlendingastofnunar þar sem nánari samningsskilmála er að finna. Var hámarksfjöldi tíma þannig tilgreindur í skilmálum

útboðsins og settur af Útlendingastofnun sem greiðanda þjónustunnar. Um 100 talsmenn eru að jafnaði skráðir á lista Útlendingastofnunar.

Kostnaður vegna starfa talsmanna greiðist úr ríkissjóði skv. 5. mgr. 13. gr. laga um útlendinga og nemur þóknunin 16.500 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund að viðbættum virðisaukaskatti, sbr. 1. mgr. 42. gr. reglugerðar um útlendinga, nr. 540/2017. Í reglugerðinni kemur einnig fram að miða skuli við að eðlilegt umfang á þjónustu talsmanns sé sjö klukkustundir. Út frá því viðmiði hefur Útlendingastofnun mótað eftirfarandi töflur fyrir hámarksfjöldá tíma sem greitt er fyrir talsmannabjónustu á hvern umsækjanda á báðum stjórnsýslustigum. Hámarksfjöldá tíma er þannig misjafn og tekur mið af umsækjanda og þeirri málsmæðferð sem umsóknin hlýtur.

Mál hjá Útlendingastofnun				
	Fullorðinn umsækjandi	Barn (6–12 ára) í fylgd einstæðs foreldris	Barn (13–17 ára) í fylgd einstæðs foreldris	Fylgdarlaust barn
Forgangsmeðferð	7 klst.	1 klst.	2 klst.	15 klst.
36. gr. mál	10 klst.	1 klst.	2 klst.	15 klst.
Efnismeðferð	15 klst.	1 klst.	2 klst.	15 klst.

Í þeim tilvikum þegar hámarksfjöldá tíma er fullnýttur á lægra stjórnsýslustigi greiðir Útlendingastofnun í samræmi við eftirfarandi tímatoflu samkvæmt vinnuframlagi talsmanns á æðra stjórnsýslustigi.

Mál hjá kæruneftnd útlendingamála		
	Fullorðinn umsækjandi	Fylgdarlaust barn
Forgangsmeðferð	4 klst.	10 klst.
36. gr. mál	8 klst.	10 klst.
Efnismeðferð	10 klst.	10 klst.

Kostnaður vegna talsmannabjónustu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd á tímabilinu maí til desember 2022 var um 180 millj. kr. (heildarfjöldi afgreiddra mála var 2.811, þar af 1.489 vegna fjöldaflóttu frá Úkraínu). Vegna breytinga á skráningu hjá Útlendingastofnun liggr ekki nákvæmlega fyrir hver heildarkostnaður árið 2023 var. Frá júní til desember það ár var kostnaðurinn þó um 345 millj. kr. og því má áætla að kostnaður yfir allt árið hafi verið um 700 millj. kr. (heildarfjöldi afgreiddra mála var um 3.500, þar af um 1.500 vegna fjöldaflóttu frá Úkraínu).

2. *Hvaða lögaðilar hafa fengið greitt fyrir að veita framangreinda þjónustu og hversu háar voru þær greiðslur á hverju ári fyrir sama tímabil?*

Í þessum þætti fyrirspurnarinnar er spurt hvaða lögaðilar hafi fengið greitt fyrir að veita talsmannabjónustu og hversu háar þær greiðslur hafi verið á hverju ári fyrir sama tímabil. Í svari við spurningu 1 er fjallað um samninginn sem gerður var við Rauða krossinn árið 2018 en hann föl í sér um 400 millj. kr. kostnað á ársgrundvelli, þ.m.t. fyrir félagsþjónustu.

Hvað varðar aðra lögaðila en Rauða krossinn og nánar afmarkaða reikninga fyrir tímabilið 1. maí 2022 til dagsins í dag er sá þáttur fyrirspurnarinnar það viðamikill að ekki er hægt að svara honum með einföldum hætti og í stuttu máli í samræmi við 1. mgr. 57. gr. laga um þingskóp Alþingis, nr. 55/1991. Í því samhengi bendir ráðuneytið á að fyrir tímabilið 12. maí til 5. desember 2022 voru gefnir út 684 reikningar vegna talsmannaþjónustu og fyrir tímabilið 5. júní til 30. nóvember 2023 voru gefnir út 10.082 reikningar. Er því of umfangsmikið verk að taka saman þær greiðslur sem hver og einn lögaðili hefur fengið á grundvelli talsmannaþjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Eins og nánar greinir í svari við spurningu 1 eru um 100 talsmenn skráðir á lista Útlendingastofnunar en hann er aðgengilegur á vefsíðu stofnunarinnar. Þá er til hliðsjónar vísað til svarts dómsmálaráðherra við fyrirspurn um skipun og störf talsmanna frá 13. desember 2023, sbr. þingskjal 772 – 297. mál á 154. löggjafarþingi, um hvaða verklagsreglur og viðmið gilda um skipun talsmanna.